

FRÉTTA BRÉF

Fréttamolar úr skólastarfinu í Salaskóla – febrúar 2025

Háskólanemar í starfsnámi

Næstu vikur, á mismunandi tímum vorannar, verða hjá okkur all margir háskólanemar í starfsnámi. Við fáum kennaranema, íþróttfræðinema, kvikmyndafræðinema, þroskaþjálfanema og stjórnunarfræðinema!

Salaskóli býr yfir öflugum og góðum hópi fagfólks sem hefur fjölbætta og þverfaglega þekkingu. Það er gott að læra í okkar skólaumhverfi og auk þess græðum við oft mikið af nemunum okkar sem koma til okkar með nýja þekkingu og annað sjónarhorn á hlutina.

Húsnæðismál

Framkvæmdir eru hafnar í nokkrum rýmum skólans í kjölfar niðurstaðna sýnatöku um að loftgæðum á þeim svæðum gæti verið ábótavant.

Búið er hreinsa innanstokksmuni og rífa gólfduka af. Í kjölfarið verða rýmin rannsökuð nánar með það að markmiði að finna orsök slakra loftgæða.

Raskið sem þessu fylgir hefur mest áhrif á stoðþjónustu en með góðu samstarfi hefur tekist að samnýta önnur rými og skipuleggja starfið þannig að það geti gengið hnökralaust á meðan á framkvæmdum stendur. Sá tími nær vonandi ekki yfir meira en 6 vikur.

Félagsfærni og samskipti í 6. bekk

Þóra Björg félagsráðgjafi og Tinna Líf námsráðgjafi hafa boðið stúlkum í 6. bekk á námskeið sem heitir **Samskipti stúlkna – leið til lausna**. Markmið þess er að styðja við samskipti, vinna með æskilega hegðun og efla félagslega færni. Á námskeiðinu fá nemendur tækifæri til að ræða saman um þau félagslegu skilaboð sem ætluð eru ungum stúlkum í dag, mikilvægi félagstengsla, sjálfvirðingar og félagslegrar samkenndar. Þær fá einnig að spreyta sig í að hugsa á gagnrýninn hátt um samskipti sín, hvernig þær tengjast hverri annarri og þeim er gefið tækifæri til að tala um reynslu sína um leið og þær læra að takast á við árekstra og samkeppni við jafningjana.

Upplýsinga- og tæknimennt

Upplýsinga- og tæknimennt er kennd þvert á aðrar greinar og fá allir nemendur Salaskóla að lágmarki 12 kennslustundir í stafrænni borgaravitund á þessu skólaári. Markmiðið er að efla færni þeirra í ábyrgri og gagnrýnni netnotkun, persónuvernd og netöryggi.

Jafnframt er fingrasetning kennd markvisst á öllum stigum skólans til að styrkja hraða og nákvæmni í ritun. Notuð eru lykklaborð sem tengd eru við spjaldtölvur nemenda með einföldum hætti. Í haust fengu allir nemendur í 8. bekk hulstur með innbyggðu lykklaborði fyrir spjaldtölvurnar sínar, sem er hluti af tilraunaverkefni á vegum Kópavogsbæjar.

Stafræn borgaravitund og fingrasetning eru liður í því að og undirbúa nemendur fyrir líf og störf í stafrænum heimi.



Á döfinni!

- 5. mars: öskudagur: karnival, skóla lýkur kl. 12:00.
- 11. mars: foreldrafundur á unglíngastigi.
- 12. mars: Skipulagsdagur í skóla og frístund.



Foreldrafundur á unglíngastigi

Takið daginn frá!

Þriðjudagskvöldið **11. mars** verða haldnir upplýsinga- og fræðslufundir í Salaskóla fyrir foreldra nemenda á unglíngastigi.

Kl. 17:15–18:30 foreldrar í 8. bekk

Kl. 18:45–20:00 foreldrar í 9. bekk

Kl. 20:15–21:30 foreldrar í 10. bekk



Fundarefni verður áhættuhegðun barnanna okkar, hvað er að gerast í samfélaginu, hvar eru unglíngarnir okkar og hvað við getum gert til að fylgjast betur með og styðja betur við börnin okkar?

Auglýst nánar síðar!

Klúbbastarf í frístund

Frístund býður upp á fjölbreytta klúbba sem taka mið af áhugasviði barna og styrkleikum starfsfólks. Dagskráin breytist á 4–6 vikna fresti, en sumir klúbbar eru fastir, eins og stuttmyndagerð í 3.–4. bekk. Í febrúar var settur á laggirnar nýr klúbbur, frístundafjör, byggður á verkefninu [Frístundalæsi](#) þar sem unnið er að eflingu máls og læsis barna með leikjum og skapandi verkefnum. Aðrir klúbbar eru meðal annars vísindaklúbbur, textíl- og teiknismiðja, dans og föstudagspartý með leikjum og karíókí. Börnin fá tækifæri til að prófa fjölbreytt verkefni og njóta skapandi og skemmtilegs frístundastarfs.



Heimilisfræði í Salaskóla!

Endilega óskið eftir aðgangi og kynnið ykkur facebooksíðuna Heimilisfræði í Salaskóla sem Svava heimilisfræðikennari heldur úti. Síðan er hugsuð sem vettvangur fyrir foreldra til þess að fá innsýn inn í námið sem þar fer fram sem og til að nálgast uppskriftir sem falla vel í kramið hjá nemendum

[Hér](#) er hlekkur á síðuna fyrir áhugasama.